

armanna ár hvert á sýslufundi sínum og annan til vara, ef hins missir við á stjórnarárinu. Annan nefndarmann og varanefndarmann kýs hreppsnefnd Grýtubakkahrepps á sama hátt, á þeim fundi sínum, þar sem að lögum ber að kjósa oddvita til næsta fardagaárs. Hinn þriðja nefndarmann og varanefndarmann hans lætur hreppstjóri Grýtubakkahrepps kjósa á hreppaskilabingi vor hvert eptir sömu reglum, sem gilda um kosning hreppsnefndarmanna, en þó þannig, að hvorki sýslunefndarmaður hreppsins nje hreppsnefndarmenn greiði, atkvæði.

5. gr.

Stjórnarnefnd ekknasjóðsins hefir á hendi alla framkvæmd, fjárheimtur, fjárveitingar og reikningshald sjóðsins þá 12 mánuði, sem hún er kosin til. Hún kýs sjer sjálf formann og skiptir að öðru leyti nefndarstörfum milli nefndarmanna eptir því, sem hún álitur best haga. Við lok hvers stjórnarárs, semur hún skýrslu yfir gerðir sínar á árinu og reikning um tekjur og gjöld sjóðsins á sama tímabili. Þessa skýrslu ásamt reikningnum sendir hún hreppsnefndinni sem fyrst verða má til rannsóknar og gerir hreppsnefndin við hana þær athugasemdir, er henni kann að þykja ástæða til. Hreppsnefndin sjer því næst um, að skýrslan og reikningurinn sje lesin upp á hausthreppaskilum og sveitarmönnum gefinn kostur á að segja álit sitt um þetta efni. Þar eptir sendir hreppsnefndin sýslunefndinni málið með athugasemdum þeim, er gerðar hafa verið, og úrskurðar sýslunefndin til fullnaðar um þau atriði, er þörf gerist.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um sölu á afrjettarlandi undan Kvennabrekku. — Eptir aðr áðaneytið hafði meðtekið þóknanlegt brjef yðar, herra landshöfðingi, dagsett 10. júní þ. á., hefir hans hátign konunginum, samkvæmt þegnsamlegustu tilmælum mínum 30. f. m. allramildilegast þóknast að veita allrahæst samþykki til þess að selja megi undan ljensjörðunni Kvennabrekku bóndanum á Háafelli, Benedikt Þórðarsyni, landspildu þá á afrjettarlandinu Geldingadal, er nær frá Merkjahjalla að Djúpadalsgili, fyrir 450 kr., er varðveitast fyrir prestakallið á þann hátt, er stiptyfirvöldin telja tryggilegan, og með því skilyrði að beitarítak það, er hvílir á tjeðri ljensjörð samkvæmt sættagjörningi 13. desbr. 1849, staðfestum af stiptyfirvöldunum 9. marz s. á. falli algjörlega burt við sölu, og að eptirleidis verði farið með hina umgetnu landspildu sem aðrar bændaeygnir að því er snertir alla skatta og skyldur.

Þetta undanfelli jeg ekki að tjá yður til þóknanlegar leiðbeiningar og frekari birtingar fyrir hlutaðeigendur.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um endurgjald á útfararkostnaði dansks sjómanns. — Þjer hafið, herra landshöfðingi, með þóknanlegu brjefi, dagsettu 25. apríl þ. á., sent hingað brjef amtmannsins yfir Suðuramtinu og Vesturamtinu um endurgjald til Mosvallahrepps á kostnaði við útför dansks sjó-